

## 6. Jarðrækt og fóðuröflun

*Ingvar Björnsson*

### Tíðarfar og uppskera

Vetrarhiti var ofan meðaltals um allt land og sömu sögu er að segja af úrkomu vetrarins. Þrátt fyrir að hitafar væri yfir meðaltali komu harðir kuldakaflar og m.a. fór frost í  $-29^{\circ}\text{C}$  í Svartárkoti þann 12. febrúar. Því má segja að veturinn hafi einkennst af miklum sveiflum í hitafari sem ekki eru æskilegar gróðri enda komu tún skemmd af kali undan vetri einkum í hásveitum í Þingeyjarsýslum og útsveitum við Eyjafjörð. Apríl og maí voru með hlýrra móti og ágætlega voraði og vel leit út með sprettu. Þá gekk kornsáning víðast vel. Júní reyndist meðalmánuður norðanlands en fremur þurr. Hægt gekk þó með sprettu vegna næturkulda. Reyndist sumarið gott meðalsumar hvað varðar hitafar en næturfrost hægðu á sprettu og ódrýgðu korn býsna víða.

Sumarið 2009 reyndist þokkalegt sprettusumar en í fremur slakt kornrækarumar Norðaustanlands. Heyfengur varð nokkru minni en árið 2008 og kornuppskera einnig.

Tafla 2. Uppskera 2009.

Hreppur	Þurrhey m <sup>3</sup>	Vothey m <sup>3</sup>	Bygg tonn
Grímseyjarhreppur	0	99	0
Fjallabyggð	0	671	0
Dalvíkurbyggð	1.605	36.216	179
Arnarneshreppur	53	14.248	200
Hörgárbyggð	4293	33.050	315
Akureyri	134	542	0
Eyjafjarðarsveit	17.699	78.674	901
Svalbarðsstrandarhreppur	2.389	15.500	60
Grýtubakkahreppur	1.610	12.000	115
Samtals	27.783	191.000	1.770
Árið 2008	34.796	219.462	2.345
Þingeyjarsveit	11.793	50.982	503
Skútustaðahreppur	978	12.013	20
Aðaldælahreppur	3.955	21.101	128
Tjörneshreppur	2.261	3.939	15
Norðurþing	1.642	28.217	37
Svalbarðshreppur	65	12.537	0
Langanesbyggð	90	8.257	0
Samtals	20.784	137.046	703
Árið 2008	26.938	157.401	944
Norðurland eystra	48.567	328.046	2.473
Árið 2008	61.734	376.863	3.289

## Heyfnagreiningar 2009

Sýnataka var með hefðbundnu sniði. Þeir sem þess óskuðu fengu poka og merkimiða fyrir hirðingarsýni en einnig voru tekin sýni úr rúllum og hlöðum að hausti. Tekið var á móti sýnum í Búgarði og þau þurrkuð, möluð og send til Landbúnaðarháskóla Íslands til efnagreiningar og úrvinnslu mælinga.

Tekin voru 367 heysýni í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum árið 2009 á 102 bæjum. Enn dregst fjöldi heysýna saman og fækkaði um 48 sýni á milli ára. Heysýnataka hefur dregist jafnt og þétt saman og er það umhugsunarefni. Heyfnagreiningar eru forsenda nákvæmrar vetrarfóðrunar búfjár og ljóst að gera verður átak í heysýnatöku á næstu árum.

Meltanleiki heyja sumarið 2009 var heldur lægri en árið 2008 og var fóðurgildið að jafnaði um 0,78 FEm/kg þurrefnis. Þá var próteinið áberandi lægra en steinefni svipuð.

Tafla 3. Niðurstöður heyfnagreininga 2009

	Fjöldi búa	Fjöldi sýna	Meltan- leiki %	FEm í kg	Efnamagn g í kg þurrefnis							
					Prótein	AAT	PBV	Ca	P	Mg	K	Na
Dalvíkurbyggð	12	36	69	0,79	170	72	45	3,8	3,1	2,3	17	1,9
Arnarneshreppur	3	16	69	0,79	151	69	33	4,2	3,1	2,7	21	0,6
Hörgárbyggð	14	64	70	0,79	165	74	36	3,8	2,9	2,3	18	0,6
Eyjafjarðarsveit	28	117	70	0,79	171	73	43	4,2	2,9	2,4	18	0,7
Svalbarðsströnd	4	20	70	0,80	173	71	50	4,0	3,0	2,5	18	0,9
Grýtubakkahr.	5	14	68	0,76	157	72	31	4,2	2,7	2,7	13	1,6
B.S.E.	66	267	70	0,79	167	73	40	4,0	2,9	2,4	18	0,9
Árið 2008	73	276	71	0,80	180	75	50	4,2	3,2	2,6	20	1,1
Þingeyjarsveit	19	78	69	0,78	166	73	40	4,0	3,0	2,4	17	1,2
Mývatnssveit	3	9	68	0,76	142	72	16	4,7	2,8	2,5	17	0,6
Norðurþing	7	10	70	0,79	150	75	20	3,9	2,9	2,4	19	1,7
Tjörnes	2	5	66	0,74	131	73	4	3,6	2,8	2,7	15	1,9
BSSÞ og BSNÞ	31	102	69	0,78	161	73	34	4,0	2,9	2,5	17	1,2
Árið 2008	38	125	70	0,80	168	73	40	4,1	3,1	2,4	19	1,1
Norðausturland	97	369	69	0,78	165	73	38	4,0	2,9	2,4	18	1,0
Árið 2008	116	415	70	0,80	174	74	45	4,1	3,2	2,5	19	1,1

## Kornræktin

Kornsumarið 2008 var meðal bestu kornára og bændur því fullir bjartsýni vorið 2009. Ágætlega voraði og sáning var í meðallagi snemma á ferðinni. Kornspretta gekk hægt framan af sumari vegna næturkulda og jafnvel næturfrosta. Eitthvað var um að korn ódrýgðist í frostum miðsumars og seinþroska yrki náðu ekki kornþroska. Einkum var árangurinn slakur á jaðarsvæðum kornræktarinnar og þar sem land hentaði illa. Segja má að árið hafi minnt kornbændur á nauðsyn þess að velja heppilegt land til ræktunar og að vanda allt ferlið sem best má vera til að ná ásættanlegri uppskeru.

55 bændur ræktuðu korn í Eyjafirði á 550 hekturum. Kornbændur í Suður-Þingeyjarsýslu voru 37 talsins með 245 hektara korns og bændur í Norður-Þingeyjarsýslu 7 talsins með 15 hektara. Samtals voru kornbændur á svæðinu 99 og kornið á 810 hekturum. 10% aukning varð á milli ára í Eyjafirði og 26% aukning í Þingeyjarsýslum. Þrátt fyrir aukið umfang ræktunar var uppskera minni en árið 2008 sem skýrist í mun lægri meðaluppskeru. Má áætla að kornuppskeran hafi að jafnaði legið nærri 3 tonnum á hektara af þurru korni og heildaruppskeran á svæðinu um 2.400 tonn.

Haustið 2009 var tekin í notkun ný kornþurrkunarstöð á Þverá í Eyjafjarðarsveit sem getur afkastað 500-600 tonnum árlega. Vel gekk með rekstur stöðvarinnar fyrsta haustið.